

Útlánareglur Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

1. Sjóðfélagar eiga kost á láni allt að kr. 10.000.000,-. Sjóðfélögum er heimilt að taka hámarkslán með lánstíma allt að 30 árum. Sjóðfélagar sem eru með eldri lán úr sjóðnum geta annað hvort greitt þau upp, eða fengið nýtt lán sem nemur mismun á uppgreiðsluverðmæti eldri lána og hámarksláni.
2. Lágmarksfjárhæð á nýju láni er 1.000.000,-.
3. Lántökugjald vegna nýrra lána er kr. 45.000,-.
4. Ný lán eru verðtryggð að fullu samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs, sem Hagstofa Íslands auglýsir. Vextir af lánunum eru breytilegir samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar hverju sinni.
5. Lán eru veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði umsækjanda, sem hægt er að þinglýsa veði á og lánanefnd sjóðsins samþykkir. Leyfð eru önnur lán á undan láni frá sjóðnum, en hvorki fjárnám né lögtak. Lán sjóðsins, ásamt öðrum áhvílandi lánum, mega ekki fara fram úr 65% af markaðsvirði eignarinnar og ekki hærra en 100% af brunabótamati hennar. Gögn til að leggja mat á markaðsvirði fasteignarinnar þurfa að fylgja, s.s nýlegur kaupsamningur, fasteignamat eða verðmat löggilts fasteignasala. Slíkt mat er á kostnað lántaka. Sjóðurinn getur ætíð lagt sjálfstætt mat á forsendur verðmats.
6. Fasteignaveð í eigu skuldara þarf að vera til tryggingar láninu. Ef fasteign sem setja á til veðtryggingar láninu er jafnframt að hluta eða öllu leyti í eigu maka sjóðfélaga eða sambúðarmaka er áskilið að viðkomandi eigandi verði meðlántaki (samskuldari) að umbeðnu láni. Aðrir en maki eða sambúðarmaki geta ekki orðið meðlántakendur. Meðlántaki þarf ekki að vera sjóðfélagi.
7. Skuldabréfin fela í sér heimild til að segja láninu upp án fyrirvara, eða breyta lánskjörum, ef lánþegi selur hina veðsettu eign með skuldabréfi sjóðsins áhvílandi. Verði skuldaraskipti á láninu og nýr skuldari er ekki sjóðfélagi leggst álag ofan á vexti skuldabréfsins samkvæmt ákvörðun lánanefndar sjóðsins nú eitt prósentustig.
8. Lánsúmsókn skal vera undirrituð af umsækjanda. Með lánsúmsókn skal fylgja veðbókarvottorð þeirrar eignar, sem veðsetja á. Jafnframt skal fylgja úmsókninni brunabótamat eignarinnar (fokheldisvottorð og brunatryggingarvottorð vegna húsnæðis í smíðum). Lánanefnd er heimilt að krefjast þess að verðmat frá löggildum fasteignasala fylgi úmsókninni. Umsækjandi skal upplýsa hverjar eru eftirstöðvar lána áhvílandi á eigninni.
9. Ávallt skal meta lánshæfi og framkvæma greiðslumat áður en lán er veitt í samræmi við lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Lántaki ber kostnað af slíku mati. Komi í ljós að skuldastaða sé með þeim hætti að vafi leiki á greiðsluhæfi lántakanda getur sjóðurinn lækkað umbeðna lánsfjárhæð eða hafnað lánveitingu.

Reglur þessar gilda frá 1. desember 2017 og koma í stað reglna frá 1. apríl 2017.

Þrátt fyrir ofangreindar lánareglur áskilur Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf sér rétt til að hafna lánsbeiðnum.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.